



Byrjaðu á MYC4

Það er auðvelt að byrja á MYC4 – þú getur gengið frá fjárfestingu þinni á nokkrum mínútum.

MYC4 auðveldar fyrirtækjum í Afríku að fá lán. Markmiðið er að uppræta fátækt í álfunni. Með því að leggja áherslu á þann vaxtarbrodd sem felst í viðskiptunum mun MYC4 gera þér kleift að skapa ný atvinnutækifæri í álfunni.

Þú getur fest fé í eins mörgum fyrirtækjum og þú vilt. Þú getur fjárfest sem einstaklingur, í hópi, sem fyrirtæki, eða sem stofnun.

Á MYC4 getur þú séð öll fyrirtæki sem opin eru fyrir tilboðum. Það sem mestu ræður um að MYC4 fer af stað með þetta verkefni, er hin knýjandi lánsfjárför. Það er stefnumið MYC4 að veita fyrirtækjunum ódýrustu lánaþingreiðslu sem völ er á.

Ef tilboði þínu er tekið færðu tölvupóst um að lánið hafi verið afgreitt til fyrirtækisins. Um leið og búið er að ganga frá láninu færð þú mánaðarlegar endurgreiðslur inn á MYC4 reikninginn þinn, alveg sjálfvirk.

1. Þú stofnar reikning fyrir fjárfestingar þínar

2. Þú leggur fjármuni með öruggum hætti inn á MYC4 reikninginn þinn

3. Þú leggur fram fyrsta lánstilboðið þitt

4. Ef tilboðinu verður tekið ert þú orðinn fjárfestir

Þú verður fyrst að opna reikning fyrir peningana sem þú hyggst festa hjá MYC4.

- Farðu á www.myc4.com og smelltu á JOIN
- Færðu inn upplýsingarnar til að sækja um
- Þú færð strax tölvupóst með frekari leiðbeiningum (gættu þess að tölvupósturinn lendi ekki í spam síunni/ruslpóstinum).

Þegar þú ert búinn að opna reikninginn er næsta skref að millifæra á hann.

- Þú getur millifært upphæðina með kreditkortinu þínu í gegnum PayPal eða með bankayfirfærslu, lágmarksupphæð EUR 15
- Upphæðin er samstundis komin inn á MYC4 reikninginn þinn (með kreditkorti í gegnum PayPal) eða eftir u.þ.b. tvo daga (bankayfirfærsla). Þú finnur allar leiðbeiningar á vefsvæðinu
- Nú ert þú tilbúinn að setja fram fyrsta tilboðið þitt!

Til að sjá hin ýmsu afrísku fyrirtæki, sem þú getur sent tilboð fyrir, smelltu á Invest. Þar er listi yfir fyrirtæki sem æskja tilboða.

- Smelltu á viðkomandi fyrirtæki til að lesa áfram
- Ef þú ætlar að gera tilboð skaltu smella á Invest hnappinn og slá inn upphæðina og vaxtaþrósentuna sem þú ferð fram á (milli 1-25%)
- Þú færð tölvupóst til staðfestingar á tilboði þínu.

Til að tilboði þínu verði tekið verður það að taka fram öðrum tilboðum allt tilboðstímabilið. Ef fram kemur annað tilboð, sem er hagstæðara en tilboðið þitt – fellur tilboðið þitt út úr ferlinu og þér verður sendur tölvupóstur um það.

- Ef tilboðið þitt vinnur og verður hluti lánsins um leið og hætt er að taka á móti tilboðum, verður það greitt út til fyrirtækisins
- Eftir að búið er að ganga frá lánveitingunni færð þú greiðslur mánaðarlega.